

**2005 nr. 46 13. maí****Lög um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir**

**Tóku gildi 30. maí 2005.** *EES-samningurinn:* XII. viðauki tilskipun 2002/47/EB. *Breytt með:* L. 68/2015 (tóku gildi 21. júlí 2015; *EES-samningurinn:* IX. viðauki tilskipun 2009/44/EB). L. 45/2020 (tóku gildi 4. júní 2020; *EES-samningurinn:* IX. viðauki tilskipun 2011/61/ESB, 2013/14/ESB). L. 38/2022 (tóku gildi 1. júlí 2022 nema 76. gr., a-liður 82. gr., d-liður 177. gr., d-liður 206. gr. og 65. gr. sem taka gildi skv. fyrirætlum í 215. gr. *EES-samningurinn:* IX. viðauki reglugerð 575/2013, 2015/62, 2016/1014, 2017/2188, 2017/2395, 2019/630, 2019/876, 2020/873).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **dómsmálaráðherra** eða **dómsmálaráðuneyti** sem fer með lög þessi.

**■ 1. gr. Gildissvið.**

□ Lög þessi gilda um samninga um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir þar sem bæði tryggingarveitandi og tryggingarhafi eru einhverjir eftirtalinn aðila:

1. Opinber stjórnvöld, þ.m.t. stjórnvöld sem eru ábyrg fyrir eða taka þátt í umsjón með opinberri skuldbindingu eða færa reikninga fyrir viðskiptamenn, að undanskildum fyrirtækjum með ríkisábyrgð sem ekki falla undir 2.–6. tölul.

2. Seðlabankar, Seðlabanki Evrópu, Alþjóðagreiðslubankinn, Alþjóðabankinn, Alþjóðalánastofnunin, Þróunarbanki Ameríkukríka, Þróunarbanki Asíu, Þróunarbanki Afríku, . . .<sup>1)</sup> Norræni fjárfestingarbankinn, . . .<sup>1)</sup> Endurreisn- og þróunarbanki Evrópu, Fjárfestingarsjóður Evrópu, . . .<sup>1)</sup> Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, [Fjárfestingarbanki Evrópu, Fjölþjóðlega fjárfestingarábyrgðarstofnunin, Alþjóðlegi ónæmisáðgerðasjóðurinn, Íslamski þróunarbankinn og Þróunarbanki Evrópuráðsins].<sup>1)</sup>

3. Eftirfarandi starfsleyfisskyldar stofnanir sem háðar eru opinberu eftirliti:

a. fjármálafyrirtæki, sbr. [1. tölul. 1. mgr. 1. gr. b]<sup>2)</sup> laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki,

[b. váttryggingafélög og líftryggingafélög, sbr. lög nr. 56/2010, um váttryggingastarfsemi,

c. verðbréfasjóðir, sbr. 1. tölul. 2. gr. [laga um verðbréfasjóði],<sup>3)</sup>

d. [lánastofnun, fjármálafyrirtæki, fyrirtæki tengd fjármálasviði, váttryggingafélög, líftryggingafélög, sérhæfðir sjóðir, rekstrarfélög verðbréfasjóða og rekstraraðilar sérhæfðra sjóða sem hafa staðfestu og starfsleyfi í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu].<sup>3)</sup><sup>1)</sup>

4. Milligönguaðili, uppgjörsaðili og greiðsluöfnunarstöð, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1999, um öryggi greiðslufyrirmæla í greiðslukerfum, sambærilegar stofnanir sem starfa samkvæmt landslögum í tengslum við markaði með staðlaða framvirka samninga, valrétti og afleiður, og sambærilegar erlendar stofnanir sem hafa staðfestu og starfsleyfi í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu.

5. Lögðili sem starfar við eignausýslu eða í umboði annars eða annarra, þ.m.t. kröfuhafa eða stofnana skv. 1.–5. tölul.

6. Lögðili, sem ekki fellur undir 1.–5. tölul., ef gagnaðili samningsins er stofnun eða lögðili sem fellur undir 1.–5. tölul.

<sup>1)</sup> L. 68/2015, 1. gr. <sup>2)</sup> L. 38/2022, 154. gr. <sup>3)</sup> L. 45/2020, 120. gr.

**■ 2. gr. Skilgreiningar.**

□ Merking hugtaka í lögum þessum er sem hér segir:

1. [Fjármálagerningur: Hlutabréf í félögum og önnur verðbréf, sem jafngilda hlutabréfum í félögum, og skuldbréf og skuldagerningar í öðru formi, ef unnt er að versla með þau á fjármagnsmarkaði, og önnur verðbréf, sem venja

er að höndla með og veita rétt til kaupa á slíkum hlutabréfum, skuldbréfum eða öðrum verðbréfum, með áskrift, kaupum eða skiptum, eða bréf sem eru gerð upp í reiðufé (að undanskildum greiðsluskjölum), þ.m.t. hlutdeildarskírteini í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu, peningamarkaðsgerningar og kröfur í tengslum við eða réttindi í eða viðkomandi einhverju af framangreindu, að undanskildum eigin hlutabréfum tryggingarveitanda, hlutabréfum hans í móðurfélagi eða dótturfélagi og óskráðum hlutabréfum hans í félögum sem eingöngu er ætlað að eiga fasteignir.]<sup>1)</sup>

2. *Fjárskuldbindingar:* Skuldbindingar sem tilgreint er í samningi um fjárhagslega tryggingarráðstöfun að beri að efna að viðlögðum vanefndaúrræðum sem felast í rétti til að ganga að fjárhagslegri tryggingu.

[3. *Lítid fyrirtæki:* Fyrirtæki sem er með færri en 50 starfsmenn og árlega veltu og/eða efnahagsreikning undir 1,5 milljörðum kr., sbr. leiðbeinandi reglur Eftirlitsstofnunar EFTA um aðstoð við örfyrirtæki, lítil og meðalstór fyrirtæki.

4. *Neytandi:* Einstaklingur sem á lánaviðskipti enda séu þau ekki gerð í atvinnuskyni af hans hálfu.]<sup>1)</sup>

[5.]<sup>1)</sup> *Reiðufé:* Innstæða á reikningi hjá lánastofnun eða seðlabanka og sambærilegar kröfur um endurgreiðslu peninga í hvaða gjaldmiðli sem er, þ.m.t. peningamarkaðsinnstæða, sem heimilt er að setja sem fjárhagslega tryggingu.

[6.]<sup>1)</sup> *Sambærileg trygging:* Ef fjárhagslega tryggingin er reiðufé er með sambærilegri tryggingu átt við greiðslu sömu fjárhæðar í sama gjaldmiðli. Ef fjárhagslega tryggingin er fjármálagerningur er með sambærilegri tryggingu átt við fjármálagerninga af sömu útgáfu eða flokki að sama nafnverði, í sama gjaldmiðli og að öðru leyti sama eðlis og tryggingin, eða aðrar eignir ef samningurinn veitir rétt til að leggja þær fram vegna atburðar sem hefur áhrif á fjármálagerningana sem veðsettir voru.

[7.]<sup>1)</sup> *Samningur um fjárhagslega tryggingarráðstöfun:* Samningur tryggingarveitanda og tryggingarhafa sem tilgreindir eru í 1. gr. um framsal eignarréttinda yfir fjárhagslegri tryggingu eða samningur þessara aðila um veðsetningu á fjárhagslegri tryggingu.

[8. *Samningur um framsal eignarréttinda yfir fjárhagslegri tryggingu:* Samningur, þ.m.t. endurhverf verðbréfamarkaðsviðskipti, um að eigandi fjárhagslegrar tryggingar framselji öll eignarréttindi sín, eða rétt til að eignast trygginguna, til framsalshafa til tryggingar á efndum á fjárhagslegum skuldbindingum.

9. *Samningur um veðsetningu á fjárhagslegri tryggingu:* Samningur um veðsetningu á fjárhagslegri tryggingu þar sem veðþoli veitir veðhafa veðréttindi til tryggingar á efndum á fjárhagslegum skuldbindingum án þess að framselja hinn beina eða fullgilda eignarrétt eða rétt til að eignast fjárhagslegu trygginguna.]<sup>1)</sup>

[10.]<sup>1)</sup> *Skuldajöfnuður til uppgjörs:* Lokauppgjör fjárskuldbindinga sem kveðið er á um í samningi um fjárhagslega tryggingarráðstöfun og felst í því að við nánar tilgreindan atburð, t.d. vanefnd, greiðslustöðvun, nauðasamning eða gjaldþrotaskipti, eru skuldbindingar aðilanna gjaldfelldar, metnar til peningalegs verðs með umsömdum hætti og breytt í peningakröfur, sem síðan eru jafnaðar þannig að eftir standi ein peningakrafa, sem skuldari kröfunnar gerir upp gagnvart kröfuhafanum.

[11. *Skuldakrafa:* Fjárhagsleg krafa sem hefur orðið til á grundvelli samnings þegar lánastofnun veitir fyrirgreiðslu í formi láns. Lán veitt neytanda, örfyrirtæki eða litlu fyrirtæki

í skilningi laga þessara falla ekki undir skuldakröfur nema þegar tryggingarhafi eða tryggingarveitandi eru ein þeirra stofnana sem taldar eru upp í 2. tölul. 1. gr.]<sup>1)</sup>

[12.]<sup>1)</sup> *Staðgöngutrygging*: Fjárhagsleg trygging sem kemur í stað upphaflegrar tryggingar samkvæmt ákvæðum samnings um fjárhagslega tryggingarráðstöfun og felur í sér aðra jafngilda tryggingu.

[13.]<sup>1)</sup> *Tryggingarhafi*: Sá sem öðlast full eignarréttindi yfir eða veðréttindi í fjárhagslegri tryggingu.

[14.]<sup>1)</sup> *Tryggingarveitandi*: Sá sem framselur eða veðsetur fjárhagslega tryggingu.

[15.]<sup>1)</sup> *Viðbótartrygging*: Fjárhagsleg trygging sem látin er í té samkvæmt ákvæðum samnings um fjárhagslega tryggingarráðstöfun til samræmis við breytingar á verðgildi upphaflegrar tryggingar eða á fjárhæð tryggðra skuldbindinga.

[16. *Örfyrtæki*: Fyrtæki sem er með færri en 10 starfsmenn og árlega veltu og/eða efnahagsreikning undir 300 millj. kr.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 68/2015, 2. gr.

■ **3. gr. Eðli fjárhagslegra tryggingarráðstafana.**

□ Heimilt er að gera samning um fjárhagslega tryggingarráðstöfun samkvæmt lögum þessum í formi framsals eignarréttinda yfir fjárhagslegri tryggingu eða í formi veðsetningar á fjárhagslegri tryggingu til tryggingar efnudum á fjárhagslegum skuldbindingum sem tilgreindar eru í samningnum.

□ Andlag fjárhagslegrar tryggingar skv. 1. mgr. getur verið [reiðufé, fjármálagerningur eða skuldakröfur].<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 68/2015, 3. gr.

■ **4. gr. Sönnun um tilvist skuldbindinga og réttinda.**

□ Samningur um fjárhagslega tryggingarráðstöfun skal gerður skriflega eða með rafrænum hætti þannig að sanna megi stofnun tryggingarráðstöfunarinnar með lögformlegum hætti.

□ Í samningi um fjárhagslega tryggingarráðstöfun skal tilgreina til hvaða skuldbindinga og fjárhagslegra trygginga samningurinn nær.

□ Tryggingarráðstöfun telst hafa stofnast þegar tryggingarréttindin hafa öðlast réttarvernd.

■ **5. gr. Notkunarréttur á veðsettri fjárhagslegri tryggingu.**

□ Í samningi um veðsetningu á fjárhagslegri tryggingu er heimilt að kveða á um að tryggingarhafinn skuli hafa rétt til að nota trygginguna. Slíkur samningur getur veitt rétt til láns, veðsetningar, sölu eða annarrar umsáminnar notkunar á tryggingunni.

□ Nú nýtir tryggingarhafinn notkunarréttinn og er honum þá skylt að framselja tryggingarveitandanum sambærilega fjárhagslega tryggingu í stað upphaflegu tryggingarinnar eigi síðar en á gjalddaga þeirra skuldbindinga tryggingarhafa sem tryggðar eru. Telst sú trygging þá falla undir upphaflegan samning um veðsetningu á fjárhagslegri tryggingu og skulu réttindi tryggingarhafa samkvæmt samningnum færast af upphaflegu tryggingunni yfir á nýju trygginguna og réttaráhrif framsalsins miðast við að nýja tryggingin hafi verið látin í té á sama tíma og upphaflega tryggingin var sett.

□ Í samningi um veðsetningu á fjárhagslegri tryggingu er heimilt að kveða á um að skyldunni til að framselja sambærilega tryggingu skv. 2. mgr. verði fullnægt með því að jafna og gera upp verðmæti tryggingarinnar á móti fjárhæð þeirra fjárhagslegu skuldbindinga sem tryggðar eru með samningnum.

□ [Ákvæðið á ekki við um skuldakröfur].<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 68/2015, 4. gr.

■ **6. gr. Sérákvæði um áhrif gjaldþrotaskipta o.fl.**

□ Samningi um fjárhagslega tryggingarráðstöfun og fjárhagslegri tryggingu sem látin er í té fyrir upphaf greiðslustöðvunar, nauðasamningsumleitana eða gjaldþrotaskipta verður ekki rift eingöngu vegna þess að samningurinn var gerður eða tryggingin látin í té á þessum tíma.

□ Samningur sem gerður er um fjárhagslega tryggingarráðstöfun eða fjárhagsleg trygging sem látin er í té sama dag en eftir að kveðinn er upp úrskurður um heimild til greiðslustöðvunar eða nauðasamningsumleitana eða um gjaldþrotaskipti heldur gildi sínu án tillits til úrskurðarins hafi tryggingarhafi hvorki vitað né mátt vita um uppkvaðningu hans.

□ Fjárhagslegum tryggingum, viðbótartryggingum og staðgöngutryggingum verður ekki hnekkð eingöngu vegna þess að:

1. þær hafi verið látar í té sama dag en áður en kveðinn er upp úrskurður um heimild til greiðslustöðvunar eða nauðasamningsumleitana eða um gjaldþrotaskipti,

2. viðkomandi fjárhagsleg skuldbindingar hafi stofnast áður en tryggingin, viðbótartryggingin eða staðgöngutryggingin var látin í té.

■ **7. gr. Skuldajöfnuður til uppgjör.**

□ Ákvæði um heimild til skuldajafnaðar til uppgjör í samningi um fjárhagslega tryggingarráðstöfun heldur gildi sínu þrátt fyrir uppkvaðningu úrskurðar um heimild til greiðslustöðvunar eða nauðasamningsumleitana eða um gjaldþrotaskipti, enda hafi samningurinn verið gerður fyrir uppkvaðningu úrskurðarins. Hið sama gildir um framsal eða stofnun takmarkaðra eignarréttinda í þeim skuldbindingum sem skuldajafnaðarréttur nær til samkvæmt samningi aðila.

■ **8. gr. Fullnustuaðferðir.**

□ Í samningi um fjárhagslega tryggingarráðstöfun geta aðilar samið um hvernig ganga skuli að tryggingunni til fullnustu vanefndra fjárhagslegu skuldbindinga. Fullnustan getur m.a. farið fram með þeim hætti að:

[1. verðgildi reiðufjár eða skuldakrafna sé jafnað á móti fjárhagslegu skuldbindingum og gert upp,

2. fjármálagerningar eða skuldakröfur séu seldar,

3. tryggingarhafi taki fjármálagerninga eða skuldakröfur til eignar, enda sé samið um aðferð við verðmat á fjármálagerningunum eða skuldakröfunum í samningnum.]<sup>1)</sup>

□ Aðilar geta samið um að tryggingarhafa sé heimilt að ganga að tryggingunni til fullnustu vanefndra fjárhagslegu skuldbindinga án sérstaks fyrirvara, án atbeina yfirvalda og án þess að fylgt sé formlegri málsmeðferð.

<sup>1)</sup> L. 68/2015, 5. gr.

■ **9. gr. Góðir viðskiptahættir.**

□ Ákvæði í samningi um fjárhagslega tryggingarráðstöfun er varðar verðmat fjárhagslegrar tryggingar, verðmat fjárhagslegu skuldbindinga og fullnustu fjárhagslegu skuldbindinga má víkja til hliðar í heild eða að hluta, eða breyta, ef það yrði talið ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera ákvæðið fyrir sig, sbr. 36. gr. laga nr. 7/1936, um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa.

■ **10. gr. Sérregla um lagaskil.**

□ Nú felur samningur um fjárhagslega tryggingarráðstöfun í sér veðsetningu á fjármálagerningu sem skráð er rafrænni eignarskráningu og fer þá um slíka veðsetningu eftir lögum þess ríkis þar sem viðkomandi veðsetning er skráð á reikningi að því er varðar lagalegt eðli og réttaráhrif veðsetningarinnar, stofnun veðréttindanna og skráningu þeirra, réttarvernd

gagnvart þriðja aðila, rétt hæð skráðra réttinda og framkvæmd fullnustu.

■ **11. gr. Reglugerð.**

□ Ráðherra getur sett reglugerð um nánari útfærslu laga þessara.

■ **12. gr. Innleiðing.**

□ Lög þessi eru sett með hliðsjón af ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 106/2004 frá 9. júlí 2004 um að breyta XII. viðauka við EES-samninginn, og til þess að taka upp í innlendan rétt ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/47/EB frá 6. júní 2002 um samninga um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir.

□ [Með hliðsjón af ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 50/2010, frá 30. apríl 2010, sem birt var 10. júní 2010 í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 37, fela lög þessi í sér innleiðingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/44/EB frá 6. maí 2009, um breytingu á tilskipun 98/26/EB um endanlegt uppgjör í greiðsluferfum og uppgjörskerfum fyrir verðbréf og tilskipun 2002/47/EB um samninga um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir að því er varðar tengd kerfi og skuldaviðurkenningar.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 68/2015, 6. gr.

■ **13. gr. Gildistaka.**

□ Lög þessi öðlast þegar gildi.